

# um helgina

## sýningar

# Stórgóð sýning á hugaljósmyndara

Ljósmyndaklúbburinn HUG-MYND 81 opnaði ljósmyndasýningu að Kjarvalsstöðum hinn 21. apríl s.l. Þar eru sýndar 60 myndir jafnmargra félagsmanna. Sýningin er öðrum þæði keppni milli þátttakenda um sex bestu myndir, þrjár svarthvítar og þrjár í lit. Gestir mega greiða atkvæði og fá þeir sérstakan seðil til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Myndirnar á sýningunni eru flestar til sölu.

Ljósmyndaklúbburinn HUG-MYND 81 var stofnaður hinn 15. febrúar 1981 og hefur starfað

blómlega æ síðan. Sýning þessi er fyrsta sýning klúbbsins, en hann telur nú u.þ.b. 50 félagar á aldrinum 15-55 ára og eru þeir allir áhugaljósmyndarar.

Að sögn gels, sem er innan-hússljósmyndari hér, er full ástæða til að hæla þessari sýningu. Ljósmyndirnar eiga allir mjög góðar myndir og vinna vel úr efninu. Það er því fyllsta ástæða til að bregða sér á Kjarvalsstaði á næstunni, en sýning HUGMYNDAR 81 stendur til 2. maí.



## samkomur

80 ára afmæli Halldórs Laxness:

### Afmælishátíð að Varmá

Í tilefni af áttáðisafmæli Halldórs Laxness halda sveitingar hans í Mosfellshreppi upp á afmælið með hátíð á sunnudaginn í íþróttahúsinu að Varmá. Hefst hún kl. 14.00 og eru þar ýmsir dagskrárlíðir, söngur, upplestur, hljóðfærleikur og fleira. Héraðsbókasafn Kjosarsýslu stendur fyrir sýningu á verkum Laxness á meðan hátíðin varir. Þá verður barnaskemmtun í Hlégarði á sama tíma.

### Fundur um neytendamál nyrðra

Neytendasamtökin á Akureyri halda ráðstefnu um málefni neytenda og neytendasamtök laugardaginn 24. apríl n.k. að Hótel Vörðborg, Akureyri. Framsógu hafa fulltrúar frá Alþýðusambandi norðurlands, Kaupmannasamtökum Akureyrar, KEA, Kvennasambandi Akureyrar og Neytendasamtökum Akureyrar. Rætt verður um eftirfarandi: 1. Eru neytendasamtök nauðsynleg? 2. Hvernig eiga þau að starfa? 3. Hvert er hlutverk félagasamtaka í málefnum neytenda.

### Fundað í Vogaskólanum

Foreldra- og kennarafélag Vogaskóla boðar til almenns fundar laugardaginn 24. apríl n.k. í Vogaskóla um málefni grunnskóla. Fundurinn hefst klukkan tvö og er ráðgert að honum ljúki kl. fimm. Í fréttatilkynningu frá foreldra- og kennarafélaginu segir, að í umræðum um grunnskólamáli hafi einkum verið rætt um kostnað við rekstur skólanna. Til þessa fundar sé boðað til þess að ræða mál in frá þeirri hlið, sem að börnunum snýr. Til fundarins er boðið m.a. skólalæstur grunnskóla, stjórnendum foreldra- og kennarafélaga, fræðsluráði, borgarfulltrúum, fjölmiðlum og áhugasömum kennurum og foreldrum.

Dagskrá fundarins er sem hér segir:  
Avarp: Margrét Þorvaldsdóttir, formaður foreldra- og kennarafélags Vogaskóla.

Stefna í grunnskólamáli: Kristján Gunnarsson, fræðslustjóri. Fyrirspurnir.

Innra starf grunnskóla: Hrólfur Kjartansson, námsstjóri. Fyrirspurnir.

Ahrif skólans á þroskaferil barna: próf. Sigurjón Björnsson. Fyrirspurnir.

Næringarástand og heilsa skólabarna: dr. Laufey Steingrimsdóttir. Fyrirspurnir.

Kaffihlé verður klukkan 15.45 - 16 en að því loknu almennar umræður til klukkan fimm.

### Hvernig skal rannsaka hugann?

Félag sálfræðinema við Háskóla Íslands efnir til málþings laugardaginn 24. apríl kl. 13.30 í Félagsstofnun stúdenta.

Umræðuefnið verður: Hvernig verður mannhugurinn rannsakaður? Fyrirlasarar verða: Anna Valdemarsdóttir sálfræðingur, Jörgen Pind sálfræðingur, Páll Skúlason prófessor í heimspeki. — Áhugafolk er eindregið hvatt til að mæta.

### Árbæjarunglingar í Marabondansi

Nú um helgina munu unglingar í Arbænum freista þess að slá Íslandsmetið í Marabondansi með því að dansa samfleytt í yfir 30 klukkustundir. Dansinn mun hefjast kl. 10 á laugardagsmorguninn og fari allt að óskum Arselinga mun metið verða slegið um fimm leytið á sunnudag.

Marabondansinn fer fram í félagsmiðstöðinni Arseli í Arbænum og verður húsið opið fyrir forvitna áhorfendur bæði á laugardag og sunnudag. Aðgangseyrir verður kr. 10 og mun upphæð sú sem safnast renna til Íþróttasambands fatlaðra.


### Réttur til réttinda!

„Réttur til réttinda! Hvaða réttindi höfum við og hvaða réttindi höfum við ekki? Hvaða umbætur viljum við?“

Svo nefnist umræðudagskrá á fundi Samtakanna '78, félags lesbía og homma á Íslandi, en hann verður haldinn á Hótel Loftleiðum í dag, laugardag, kl. 17.00.

Rætt verður um misrétti, sem lesbíur og hommar verða fyrir, og kynnt stefna erlendra samstarfsfélaga gagnvart slíku, sem og aðgerðir og árangur.

Fundurinn er opinur öllum lesbíum og hommum, félagsmönnum og öðrum.



### Bækur um geimvísindi

Bækur um geimvísindi og geimferðir Bandaríkjamanna verða sýndar á næstunni í Ameríska bókasafninu, en sýningin opnar mánudaginn 26. apríl. Þar verða sýndar á milli 100 og 150 bækur og bæklingar um geimtækni, geimferðir og gervihnetti. Sýningunni lýkur 7. maí.

### Halldór Laxness og Íslandsklukkan


Í anddyri Landsbókasafnsins hefur verið komið upp sýningu, sem ber heitið Halldór Laxness og Íslandsklukkan. Á sýningunni eru handrit skáldsins, minnisbækur og ýmsar þær heimildir, sem hugsanlegt er að Halldór hafi haft til hlíðsjónar er hann samdi Íslandsklukkuna. Er þar stuðst við rannsóknir þær sem Eiríkur Jónsson hefur gert á aðföngum skáldsins til sögugerðarinnar, m.a. í gömlum myndum.

Sýningin verður opin næstu vikurnar á opnunartíma safnsins, mánudaga-föstudaga kl. 9-19 og laugardaga kl. 9-12.

## Aðalfundur Verkalýðsmálaráðs Alþýðubandalagsins

# Kjara-, vísitölu- og efnahagsmál

Haldinn að Hótel Loftleiðum á morgun



Benedikt Davíðsson.



Guðmundur Arnason.



Pröstur Ólafsson.



Svavar Gestsson.

Aðalfundur Verkalýðsmálaráðs Alþýðubandalagsins verður haldinn á Hótel Loftleiðum, á morgun, sunnudaginn 25. apríl, og hefst kl. 10 árdegis.

### Dagskrá:

1. Kjaramál — Framsögumenn: Benedikt Davíðsson og Guðmundur Arnason.
2. Vísitölmál — Framsögumaður: Pröstur Ólafsson.

3. Efnahagsmál — Framsögumaður: Svavar Gestsson.
4. Önnur mál.
5. Kosning stjórnar.

Aðalfundurinn fer fram í Kristalssal Loftleiða. Sameiginlegur málverður verður á Hótel Loftleiðum kl. 12.15 á sunnudaginn.

Aðalfundur Verkalýðsmálaráðs er opinur öllum stuðningsmönnum Alþýðubandalagsins. Stjórn Verkalýðsmálaráðs Alþýðubandalagsins.